

Tinova Wood Base Oil PT8

Grunnolía

Efnislýsing

Tinova Wood Base Oil PT8 er vatnspynnannleg, glær viðarvörn sem notuð er gegn fúasveppi og grágeit á við. Tinova Wood Base Oil BPR er grunnolía sem smýgur vel inn í viðinn, veitir mikla vernd gegn raka, myndar ekki filmu og kemur í veg fyrir sprungumyndun. Aðeins til notkunar ofanjarðar sem fyrirbyggjandi meðferð á við.

Meðhöndlun

Undirlagið skal vera hreint og þurr (mest 16% raki í viði).

Nýmálun

- Gegndreypið alla fleti með Tinova Wood Base Oil PT8 og þá sérstaklega vel gljúpa fleti, s.s. endatré og fleti sem mikið mæðir á. Berið á 2-3 umferðir, blautt í blautt þar til viðurinn er mettaður.
- Grunnið alla fleti með Tinova Primer Exterior.
- Málið 2 umferðir með þekjandi viðarvörn frá Nordsjö, t.d. ONE SuperTech eða ONE Door & Window.
- Tinova Wood Base Oil PT8 olían er einnig notuð sem grunnur undir hálfþekjandi efni, s.s. One Transparent.

Endurmálun

- Þvoið allan flötinn með Original Málartvätt. Skolið vandlega á eftir með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er.
- Fjarlægjið alla gamla og lausa málingu. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Þússið af gráma og fúa í viði uns komið er niður í eðlilegan viðarlit.
- Ber viður skal gegndreyptur með Tinova Wood Base Oil PT8.
- Grunnið með Tinova Primer Exterior.
- Málið 2 umferðir yfir með þekjandi viðarvörn frá Nordsjö, t.d. ONE SuperTech eða ONE Door & Window.
- Tinova Wood Base Oil PT8 olían er einnig notuð sem grunnur undir hálfþekjandi efni, s.s. One Transparent.

Annað

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun innan fárra klukkustunda eftir lok verks. Notið ekki á við sem kemst beint í snertingu við mat, drykki eða dýrafóður.

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni tryggilega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll; skilið þeim til endurvinnslustöðva ásamt tónum umbúðum. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Alkýöðlía

Yfirmálun við 23°C/50% raka: Eftir 24 klst (verður að yfirmála)

Loft-/yfirborðshitastig við málun: Minnst +5°C, mest +25°C

Rakastig: 40-80% (kjörakastig 65%)

Þynning: Ekki þynna

Verkfæri: Penslar, rúllur

Þekja: Nýmálun 6-7 m²/l (150-160 ml/m²)

Pakkningar: 1, 2,5 og 5 lítra dósir

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými við mest 35°C

Tinova Wood Base Oil PT8 er samþykkt samkvæmt sæfivörureglugerðinni (BPR-reglugerð ESB 0028968-0000). Notið einungis í notkunarflokkum 2 og 3 samkvæmt EN335:2013. Öll önnur notkun er bönnuð nema sérstök heimild sé til staðar

Síðast endurskoðað | október 2024